

Dómsorð:

Sakaukastefndi, Knud I. Larsen persónulega og f. h. Frahla Rederi, á að greiða stefnanda, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni f. h. firmans Ditta Luciano Sanni, ítalskar líður 1.838.312.00 með 8% ársvöxtum frá 16. ágúst 1966 til greiðsludags og kr. 40.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndu, Samband íslenzkra samvinnufélaga, Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda og Skipamiðlun Gunnars Guðjónssonar, eiga að vera sýknir í máli þessu. Málskostnaður fellur niður gagnvart þessum stefndu.

Miðvikudaginn 15. marz 1972.

Nr. 198/1972. **J. P. Guðjónsson**

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

gegn

Guðjóni Styrkárssyni hæstaréttarlökmanni
f. h. Owens-Corning Fiberglass Corporation
 (Guðjón Styrkársson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, og Einar Arnalds, prófessor Gaukur Jörundsson og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Ómerking. Frávisun. Fjárnámsgerð. Vörzlusviptingargerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. desember 1971. Krefst hann þess, að hinn afrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann þess, að hin afrýjaða fjárnámsgerð, er fram fór 16. desember 1971 í bifreiðinni R 5245, og að vörzlusvipting-

argerð á nefndri bifreið, sem framkvæmd var 22. desember 1971, verði úr gildi felldar. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefnda og lögmanns hans, Guðjóns Styrkárssonar hæstaréttarlögmanns.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, greindrar fjárnámsgerðar og vörzlusviptingar. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál um sama sakarefni milli sömu aðilja var höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu 4. apríl 1970. Mál það var þingfest 8. maí 1970, og var þá sótt þing af hálfu stefnda í því máli, áfrýjanda í þessu máli. Greinargerð var lögð fram af hálfu stefnda í því máli hinn 18. júní 1970. Var málinu í því þinghaldi frestað um óákveðinn tíma, og er því máli enn ólokið.

Að svo vöxnu ber samkvæmt 3. mgr. 104. gr. laga nr. 85/1936 að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð alla og vísa málinu frá héraðsdómi. Ber og að fella úr gildi hina áfrýjuðu fjárnámsgerð og vörzlusviptingargerð.

Eins og málsatvikum öllum er háttað og samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 177. gr., sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936 ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00.

Ekki eru næg efni til að dæma lögmann stefnda til greiðslu málskostnaðar.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi. Hin áfrýjaða fjárnámsgerð og vörzlusviptingargerð eru úr gildi felldar.

Stefndi, Guðjón Styrkársson f. h. Owens-Corning Fiberglass Corporation, greiði áfrýjanda, J. P. Guðjónssyni h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. september 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. september 1971, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 14. september s.l., af Guðjóni

Styrkárssyni hæstaréttarlögmanni, Austurstræti 6, Reykjavík, f. h. Owens-Corning Fiberglass Corporation, Church-Street Station, New York, gegn J. P. Guðjónssyni h/f, Skúlagötu 26, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð \$ 2.484.59 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. apríl 1968 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kr. 25.000.00.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkvæmt tveim reikningum stefnanda yfir einangrunargler, er stefndi hafi keypt hjá stefnanda. Annar reikningurinn sé að fjárhæð \$ 1.484.17 og sé dagsettur 13. marz 1968 og hafi þær vörur verið sendar með skipi hinn 10. sama mánaðar. Hinn reikningurinn sé dagsettur 22. marz 1968, en þær vörur hafi verið sendar 19. sama mánaðar, og sé fjárhæð þess reiknings \$ 1.000.42. Samtals nemi fjárhæðir þessar hinni umstefndu upphæð. Hafi skuld þessi ekki fengizt greidd þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir og sé málshöfðun því nauðsynleg.

Af ofangreindum reikningum, sem lagðir hafa verið fram á dskj. nr. 3 og 4, má sjá, að gjalddagi reiknings að upphæð \$ 1.000.42 hefur verið 22. apríl 1968, en gjalddagi hins reikningsins, að upphæð \$ 1.484.17, hefur verið 10. júlí 1968.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt.

Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öðru leyti en því, að krafa stefnanda um dráttarvexti verður tekin til greina með hliðsjón af ofangreindum gjalddögum reikninganna.

Málskostnaður ákveðst kr. 25.000.00.

Dóminn kvað upp Garðar Gíslason.

Dómsorð:

Stefndi, J. P. Guðjónsson h/f, greiði stefnanda, Guðjóni Styrkárssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Owens-Corning Fiberglass Corporation, \$ 2.484.59 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af \$ 1.000.42 frá 22. apríl 1968 til greiðsludags og af \$ 1.484.17 frá 10. júlí 1968 til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 16. desember 1971.

Ár 1971, fimmtudaginn 16. desember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skúlagötu 26 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgar-fógeta Hauki Davíðssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-2545/1971: Guðjón Styrkársson hæstaréttarlögmaður f. h. Owens-Corning Fiberglass Corporation gegn J. P. Guðjónssyni h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 3073/1971, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón E. Jakobsson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir \$ 1.577.52 með 1% mánaðarvöxtum af \$ 1.000.42 frá 22. apríl 1968 til greiðsludags og af \$ 1.484.17 frá 10. júlí 1968 til greiðsludags, kr. 170.00 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 500.00 í ritun fjárnámsbeiðni, kr. 25.000.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola mætir Júlíus Guðjónsson forstjóri, sem starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt. Fógeti leiðbeindi mætta, að hann væri ekki skyldur til að benda á neðanskráða bifreið til fjárnáms, sem er eign hans sjálfs.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign mætta, bifreiðinni R 5245 (Bronco, árgerð 1966). Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Vörzlusviptingargerð fógetadóms Reykjavíkur 22. desember 1971.

Ár 1971, miðvikudaginn 22. desember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skúlagötu 26 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Hauki Davíðssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-2545/1971: Guðjón Styrkársson hæstaréttarlögmaður f. h. Owens-Corning Fiberglass Corporation gegn J. P. Guðjónssyni h/f.

Fógeti leggur fram nr 1 gerðarbeiðni, nr. 2 endurrit fjárnámsgerðar A 2545/1971 frá 16. desember s.l. og nr. 3 dómsgerðir málsins, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Guðjón Styrkársson hæstaréttarlögmaður og krefst vörzlusviptingar á bifreiðinni samkvæmt fjárnámsgerðinni, er fram fór 16. desember s.l., sbr. dskj. nr. 2. Gerð-

arþoli tekur fram, að í bílnum sé BIMINE talstöð, Blaupunkt útvarp og 4 ný Bridgeston dekk.

Fyrir gerðarþola mætir Júlíus Guðjónsson forstjóri, sem starfar hér. Áminntur um sansögli kveðst hann ekki geta greitt. Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda ákvað fógeti vörzlu-sviptingu á bifreiðinni R 5245 (Bronco, árgerð 1966), og var bifreiðin tekin úr vörzlu mætta, sem er eigandi hinnar fjárnumdu bifreiðar, sbr. dskj. nr. 2.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 22. marz 1972.

Nr. 11/1971. Gylfi Gunnarsson
(Birgir Ísleifur Gunnarsson hrl.)

gegn

Stefáni G. Ásmundssyni
(Ragnar Jónsson hrl.).

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds, prófessor Gaukur Jörundsson og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Kaupgjaldsmál. Ráðningarslit. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. febrúar 1971. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn.